

# GERÐ FRÆÐSLUEFNIS FYRIR SJÚKLINGA OG AÐSTANDENDUR

## Gátlisti höfunda

|                                                                                                                                                                                                               | Staðfest | Á ekki við |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------|------------|
| <b>Áður en hafist er handa</b>                                                                                                                                                                                |          |            |
| Kannað hefur verið að sambærilegt efni sé hvorki til í gæðahandbók Landspítala né á <a href="http://www.heilsuvera.is">www.heilsuvera.is</a> .                                                                |          |            |
| Samþykki stjórnenda eða gæðastjóra starfseiningarinnar liggur fyrir.                                                                                                                                          |          |            |
| Skoðað hefur verið hvaða miðill hentar best fyrir fræðsluefnið, t.d. ritað mál, vefur, myndband, hljóðband, tölvuleikur.                                                                                      |          |            |
| <b>Kröfur um innihald og útlit</b>                                                                                                                                                                            |          |            |
| Er titill skýr og lýsandi fyrir innihaldið?                                                                                                                                                                   |          |            |
| Kemur fram fyrir hvaða markhóp fræðsluefnið er?                                                                                                                                                               |          |            |
| Koma aðalatriði og tilgangur fræðsluefnis fram í inngangi?                                                                                                                                                    |          |            |
| Miðast efnið við þarfir sjúklinga/aðstandenda, þ.e. markhópin sem efnið er ætlað?                                                                                                                             |          |            |
| Er efnisþráður skýr og efni raðað upp á rökréttan hátt, t.d. í tímaröð eða flokkum?                                                                                                                           |          |            |
| Er skjalið meira en 15 blaðsíður og gæti efnisyfirlit hjálpað?                                                                                                                                                |          |            |
| Kemur fram hvaða einkennum þarf að vera vakandi fyrir eftir útskrift?                                                                                                                                         |          |            |
| Kemur fram hvert á að leita ef eitthvað kemur upp á?                                                                                                                                                          |          |            |
| Hefur fræðsluefnið verið borið undir sjúklinga/aðstandendur eða unnið með samtökum sjúklinga eða aðstandenda?                                                                                                 |          |            |
| Eru einhverjar vefsíður (erlendar eða íslenskar) sem ætti að vísa til í efninu?<br>Ef svo er hafa gæði þeirra verið metin eftir CUE matstækinu fyrir vefsíður?                                                |          |            |
| <b>Myndefni</b>                                                                                                                                                                                               |          |            |
| Eru skýringarmyndir styðjandi fyrir skilning á innihaldi? Myndir almenns eðlis eiga ekki við.                                                                                                                 |          |            |
| Er heimild fyrir notkun mynda og eru gæðin viðunandi? Nota má myndir frá t.d. Shutterstock.com eða ljósmyndara Landspítala.                                                                                   |          |            |
| Eru myndir og töflur merktar þannig að þær geti staðið sjálfstætt?                                                                                                                                            |          |            |
| <b>Málfar</b>                                                                                                                                                                                                 |          |            |
| Eru notuð íslensk orð sem eru til yfir hugtök?                                                                                                                                                                |          |            |
| Er textinn aðgengilegur fyrir 12 ára barn og er tekið mið af heilsulæsi og þörfum fólks með fjölbreyttar þarfir t.d. lesferðileika, sjóndepurð, erlendan uppruna og seinfærni?                                |          |            |
| Eru einhver orð ofnotuð þannig að textinn verður staglkenndur, t.d. einstaklingur, sjúklingur, viðkomandi, skjólstæðingur?                                                                                    |          |            |
| Er tónninn í fræðsluefninu leiðbeinandi og virkur án þess að vera óþarflega skipandi? Dæmi: „Sjúklingur er hvattur til að gera teygjuæfingar“ frekar en „Gerðu teygjuæfingar“ eða „Þú skalt mæta undirbúinn“. |          |            |
| Eru notaðar skammstafanir sem geta ruglað?                                                                                                                                                                    |          |            |
| Eru notuð lyfjaheiti sem geta takmarkað notagildi efnisins?                                                                                                                                                   |          |            |
| Eru nauðsynleg fræðiheiti þýdd eða útskýrð á einfaldan hátt? Er gagnlegt að hafa erlent fræðiheiti í sviga til glöggvunar?                                                                                    |          |            |
| <b>Fyrir útgáfu</b>                                                                                                                                                                                           |          |            |
| Hefur efnið verið lesið yfir hjá miðstöð sjúklingafræðslu?                                                                                                                                                    |          |            |
| Hafa gæðastjóri og stjórnendur samþykkt fræðsluefnið?                                                                                                                                                         |          |            |
| Liggur fyrir hvernig staðið verður að kynningu og dreifingu eða miðlun?                                                                                                                                       |          |            |
| Tengist efnið innihaldi annarra gæðaskjala og hafa þau þá verið uppfærð samhliða?                                                                                                                             |          |            |
| Eru heimildar skráðar í gæðahandbók ef við á? Heimildir og nöfn höfunda eru ekki skráð í fræðsluefni.                                                                                                         |          |            |